

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð lamaðra og fatlaðra í Strandasýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. maí 1977.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð lamaðra og fatlaðra í Strandasýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður lamaðra og fatlaðra í Strandasýslu. Hann er stofnaður með erfðafé Ragnheiðar Guðjónsdóttur, Vífilsgötu 7, Rvík, samkvæmt erfðaskrá hennar, dags. 4. nóvember 1970, að fjárhæð kr. 1 685 749.00, til minningar um eiginmann hennar Þorkel J. Sigurðsson, úrsmið frá Hólmavík.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja lamaða og fatlaða í Strandasýslu.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins, svo og það fé, sem síðar kann að safnast, skal ávaxtast á hagkvæmustu vaxtakjörum í lánastofnun, sem hefur ríkisábyrgð eða á annan tryggan og hagkvæman hátt að mati sjóðstjórnar.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, og skulu þeir vera, samkvæmt fyrrgetinni erfðaskrá, sóknarpresturinn í Hólmavík, heilsugæslulæknirinn í Hólmavík og sýslumaðurinn í Strandasýslu. Þeir kjósa formann úr sínum hópi til tveggja ára í senn og skal formaður annast reikningshald og varðveislu sjóðsins.

5. gr.

Styrkjum úr sjóðnum skal úthluta samkvæmt umsóknum, samanber 2. grein, og skal styrkfjárhæð fara eftir mati sjóðstjórnar hverju sinni. Eigi má þó úthluta úr sjóðnum meira fé árlega, en sem nemur $\frac{3}{4}$ — þrem fjórðu — hlutum ársvaxta.

6. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum, sem skipaðir eru af stjórn sjóðsins.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

27. maí 1977.

Nr. 219.

REGLUGERÐ

um úthlutun olústyrks.

1. gr.

Viðskiptaráðuneytið ávísar greiðslum af fjárhæð þeirri, sem hverju sinni er varið í fjárlögum til að draga úr áhrifum á hitunarkostnað íbúða o. fl. samkvæmt lögum nr. 13/1977.

2. gr.

Greiðslur samkvæmt 1. gr. skulu inntar af höndum til sveitarfélaga og rafveitna ársfjórðungslega eftir á frá 1. janúar 1977. Greiðsla fyrir desembermánuð 1976 skal